

Fuglaathugun við Nauteyri í Ísafjarðardjúpi 2015

Unnið fyrir Hraðfrystihúsið Gunnvör

Böðvar Þórisson

Ágúst 2015
NV nr. 13-15

Efnisyfirlit

| | |
|--|----------|
| INNGANGUR | 3 |
| AÐFERÐIR | 4 |
| Rannsóknarsvæðið | 4 |
| Talning | 4 |
| NIÐURSTÖÐUR | 4 |
| Ofan Snæfjallastrandarvegur | 4 |
| Nauteyri | 5 |
| Hundatangar | 6 |
| UMRÆÐUR | 6 |
| Áhrif framkvæmda á fuglalíf | 6 |
| Þakkir | 7 |
| HEIMILDIR | 7 |

Inngangur

Hraðfrystihúsið Gunnvör (HG) hefur áform um að endurnýja hitaveitulögn við Nauteyri í Ísafirði í Ísafjarðardjúpi ásamt því að stækka seiðaeldisstöðina á Nauteyri (mynd 1).



Mynd 1. Yfirlitskort af Nauteyri og fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Kort: HBA/Nave 2015.

Heitar uppsprettur eru víða á svæðinu (Jón Benjamínsson 1979, Árni Hjartarson o.fl. 1988, Haukur Jóhannesson 2012) og er möguleiki að nýta þær, ein slík er upp með Hafnardalsánni (sunnan megin) í um 1,5 km fjarlægð frá Nauteyri.

HG óskaði eftir því við Náttúrustofu Vestfjarða að hún kannaði fuglalíf á svæðinu og hugsanleg áhrif af framkvæmdum.

Aðferðir

Rannsóknarsvæðið

Rannsóknarsvæðið nær frá Hafnardalsá í norðri og rétt suður fyrir Nauteyrarkirkju í suðri (mynd 1). Svæðið ofan Snæfjallstrandarveggar 635 er aðallega fjalldrapamói en einnig lítt gróið svæði við veginn. Inn á milli eru mýrarblettir og heitar uppsprettur (sjá t.d. Hafdís Sturlaugsdóttir 2015).

Við seiðaeldisstöðina er svæðið lítt gróið (melar) en fjær er graslendi (Hafdís Sturlaugsdóttir 2015). Sunnan við seiðaeldisstöðina eru tjarnir sem flestar eru líklega ísaltar. Svæðið þar nefnist Hundatangar.

Talning

Lögð var áhersla á að athuga hvaða fuglar væru í varpi á hugsanlegu framkvæmdasvæði. Var því gengið í grennd við núverandi hitaveitulögn en einnig athugað svæði við mögulegar heitar lindir og í nágrenni við seiðaeldisstöðina á Nauteyri. Svæðið var athugað 19. júní 2015.

Ofan Snæfjallastrandarveggar var framkvæmd punkttalning en í því fólst að á um 300 m fresti var gerð athugun á fuglum. Allir fuglar voru skráðir sem sást/heyrðust í fimm mínútur á hverjum punkti. Mæld var fjarlægð eða hún metin í hvern fugl sem sást eða í þann stað sem hann líklega kom frá. Lagt var mat á hvort þeir væru varpfuglar og þeim gefið stig: 1= staðfest varp (t.d. egg í hreiðri), 2= líklegt varp (t.d. syngjandi spörfuglar), 3= hugsanlegt varp (t.d. par í varpkjörlendi). Samtals voru skráðir 20 punktar frá kl. 7:44-9:45 þann 19. júní 2015.

Við ströndina voru fuglar skráðir við Hundatanga að seiðaeldisstöðinni á Nauteyri. Lagt var mat á hvort þeir væru varpfuglar á svæðinu.

Gróðurathugun fór fram 30. júní 2015 (Hafdís Sturlaugsdóttir 2015) en einnig voru skráðar niður athuganir á fuglum um leið.

Niðurstöður

Ofan Snæfjallastrandarveggar

Samtals sást 14 tegundir fyrir ofan veg. Þúfutittlingur (*Anthus pratensis*) og skógarþröstur (*Turdus iliacus*) voru algengastir á svæðinu en á eftir kom hrossagaukur (*Gallinago gallinago*). Einn tjaldur var varplegur ofarlega á svæðinu við litla tjörn en hreiður fannst ekki. Við eina tjörn var lómappar (*Gavia stellata*) og álftapar (*Cygnus cygnus*) ásamt einum óðinshanakarli (*Phalaropus lobatus*). Ekkert hreiður fundust hjá þessum tegundum en lómurinn gæti orpið við þessa tjörn. Spói (*Numenius phaeopus*), sandlóa (*Charadrius hiaticula*) og heiðlóa (*Pluvialis apricaria*) voru sjaldgæf á þessu svæði. Hrafn (*Corvus corax*) sást á svæðinu og það fundust þrír laupar innan eins óðals. Enginn þeirra var upptekinn af

hrafni en aftur á móti var einn notaður af fálka (*Falco rusticolus*). Það sást a.m.k. einn fálkaungi í hreiðrinu.

Tafla 1. Varpstig fugla sem sáust við ofan vegar 19. júní 2015. 1= staðfest varp, 2= líklegt varp, 3= hugsanlegt varp, 4= gamalt varp.

| Tegund | Varpstig | Lýsing |
|----------------|----------|--|
| Álft | ? | Par við litla tjörn en ekkert hreiður. |
| Lómur | (3) | Par við litla tjörn en ekkert hreiður. |
| Hrossagaukur | 2 | Hrossagaukur var hneggjandi. |
| Heiðlóa | 2 | Heiðlóa söng. |
| Spói | 2 | Spói vall en fáir fuglar. |
| Tjaldur | 3 | Varplegir en ekki staðfest varp. |
| Stelkur | 1 | Hreiður fannst á suðursvæðinu 30. júní. |
| Sandlóa | 3 | Heyrðist í einni sandlóu við baðhúsið. |
| Óðinshani | 3 | Karlfugl við litla tjörn. |
| Louþræll | 2 | Heyrðist í þeim. |
| Fálki | 1 | Í varpi. |
| Hrafn | 4 | Ekki í varpi en laupur á svæðinu. |
| Skógarþröstur | 2 | Syngjandi, algengir. |
| Þúfutittlingur | 1 | Syngjandi algengir. Hreiður fannst 30. júní. |

Nauteyri

Við seiðaeldisstöðina voru sex tjaldapör og þar af var eitt þeirra rétt norðan megin við Hafnardalsána (ósinn). Að minnsta kosti þrjú pör voru með ófleyga unga. Eitt sandlóupar var varplegt við stöðina. Kríur (*Sterna paradisaea*) voru bæði við stöðina og norðan við ósinn. Fáar virtust vera byrjaðar í varpi en það gætu hafa verið um 50 pör á svæðinu. Einn varplegur spói var sunnan við stöðina. Kjóapar (*Stercorarius parasiticus*) var norðan við ósinn. Nokkrar æðarkollur voru með unga og blikahópur við ósinn. Einn himbrimi (*Gavia immer*), tvær teistur (*Cepphus grylle*) einn lundi (*Fratercula arctica*) sáust á sjónum. Við ósinn sátu hvítmáfar (*Larus hyperboreus*), svartbakar (*Larus marinus*) og sílamáfar (*Larus fuscus*). Sendlingur (*Calidris maritima*) og stelkur voru þar í æti. Í töflu 2 má sjá þá fugla sem sáust í grennd við stöðina og varpstig þeirra.

Tafla 2. Varpstig fugla og fjöldi við seiðaeldisstöðina á Nauteyri. ♂=karlfugl, ♀=kvenfugl.

| Tegund | Varpstig | Fjöldi | Lýsing |
|------------|----------|--------|---|
| Himbrimi | - | 1 | Úti á sjó. |
| Æður | 1 | 134 ♂ | Kollur/ungar: ♀/6 + ♀/2 + ♀/3 + ♀/4 + ♀/3 + 2/♀ |
| Stökkönd | - | 1 | Einn steggur. |
| Toppönd | - | 4 | Fjórar á sundi við ósinn. |
| Spói | 3 | 1 | Á verði, varplegur. |
| Heiðlóa | 3 | 1 | Á verði, varpleg |
| Tjaldur | 1 | 12 | Sex pör (12), plús ungar. |
| Stelkur | - | 6 | Í æti við ósinn. |
| Sandlóa | 3 | 2 | Eitt par við stöðina, líklega fleiri á svæðinu. |
| Sendlingur | - | 9 | Í æti við ósinn. |
| Kjói | 3 | 2 | Par, hugsanlega í varpi. |
| Kría | 1 | 70-100 | Hugsanlega 50 pör en fáar byrjaðar í varpi. |
| Hvítmáfur | - | 50 | Við ósinn. |
| Svartbakur | - | 10 | Við ósinn. |

| | | | |
|-----------|---|---|--------------------------------|
| Sílamáfur | - | 3 | Við ósinn. |
| Teista | - | 2 | Úti á sjó. |
| Lundi | - | 1 | Úti á sjó. |
| Maríuerla | 3 | 1 | Á flugi, gæti orpið á svæðinu. |

Hundatangar

Gengið var um Hundatanga og fuglar skráðir. Tjaldur, sandlóa og óðinshani voru varpleg á svæðinu en ekki fannst hreiður eða ungar.

Tafla 3. Varpstig fugla og fjöldi við Hundatanga

| Tegund | Varpstig | Fjöldi | Lýsing |
|------------|----------|--------|--|
| Lómur | 3 | 1 | Ekkert hreiður fannst en líklega varpfugl á svæðinu. |
| Grágæs | - | 62 | Út í oddanum. Fullorðnar. |
| Álft | - | Par | Ekki í varpi en gæti orpið. |
| Stökkönd | 3 | 10♂ | Tíu steggir flugu burt. |
| Rauðhöfði | 3 | 10 | Tíu fuglar flugu burt. |
| Urtönd | 3 | 1♀ | Ein óraleig kolla, líklega með unga. |
| Hávella | 3 | Par | Eitt par, gæti orpið á svæðinu. |
| Spói | 3 | 3 pör | Líklega varpfugl |
| Heiðlóa | 3 | 22 | 20 í æti, eitt par hugsanlega í varpi. |
| Tjaldur | 3 | 2 pör | Líklega í varpi. |
| Stelkur | 3 | 2 | Éta en líklega varpfugl á svæðinu. |
| Sandlóa | 3 | 3 pör | Varpleg. |
| Sendlingur | - | 2 | Éta |
| Lóupræll | - | 14 | Éta |
| Óðinshani | 3 | 3 | Líklega varpfugl. |
| Kjói | 3 | Par | Varplegt. |
| Kría | 3 | 2 | Gætu orpið. |

Umræður

Þúfutittlingur og skógarþröstur voru einkennandi fyrir fuglalífið ofan Snæfjallastrandarvegar. Nokkrar tjarnir eru á svæðinu ofan vegar og gæti lómur orpið þar þó svo ekki hafi verið varp í þetta skipti.

Hrafns-/fálkaóðal er ofan vegar og var það upptekið af fálka þetta árið. Einn ungi sást a.m.k. í hreiðrinu en síðar um sumarið sáust tveir fleygir ungar nálægt hreiðrinu (munnl. uppl. Ágúst Svavar Hrólfsón).

Við seiðaeldisstöðina voru aðallega kría, tjaldur og sandlóa í varpi. Þessar tegundir verpa í gróðurlítið land við stöðina og norðan við ós Hafnardalár.

Áhrif framkvæmda á fuglalíf

Endurnýjun á hitaveitulögn er lítil og vel afmörkuð framkvæmd og hefur því lítil áhrif á fuglalíf. Hugsanlega verður lögð ný lögn meðfram Hafnardalsá en hún mundi fara að hluta til yfir ósnortið land. Einnig mundi fylgja því slóðagerð. Sú framkvæmdin mun samt líklega hafa lítil áhrif á varpfugla nema þá einhver tímabundin áhrif á meðan framkvæmdum stendur.

Fálki var í varpi sumarið 2015 og hefur óðalið líklega verið notað af hrafni og fálka til skiptis í einhverja áratugi. Fálki er á válista (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000) og nýtur hann verndunar samkvæmt lögum (lög nr. 64/1994) og reglugerðum (reglugerð 456/1994 og 252/1996). Reglugerðunum er ætlað að fálkanum verði ekki fyrir óæskilegri truflum á meðan varp stendur yfir né að varpstað þeirra verði fyrir raski.

Óðal fálkans/hrafnsins er ekki í hættu vegna framkvæmda en hugsanlega geta þær truflað varp ef framkvæmdirnar verða að vori/sumri til. Mælst er með því að varpið sé kannað næsta vor áður en framkvæmdir ef þær eru ætlaðar um vor/sumar. Ef fálki er í varpi þá verður að hafa samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun um framkvæmdi.

Staðsetning óðals fálkans/hrafnsins er ekki greint hér en upplýsingum er komið til landeigenda og Náttúrufræðistofnunar.

Þakkir

Starfsmönnum seiðaeldisstöðvarinnar á Nauteyri er þakkað fyrir upplýsingar um fuglalíf á svæðinu.

Hafdísi Sturlaugsdóttir er þakkað fyrir hennar athuganir og yfirlestur.

Heimildir

Árni Hjartarson, Gylfi Páll Hersir og Ómar Bjarki Smáráson. 1988. Ísafjarðardjúp. Náttúrulegar aðstæður til fiskeldis. Orkustofnun, OS-88012/VOD-05-B.

Hafdís Sturlaugsdóttir. 2015. Gróður við Nauteyri í Ísafirði í Ísafjarðardjúpi 2015. Unnið fyrir HG. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 14-15.

Haukur Jóhannesson. 2012. Yfirborðsjarðhiti á Nauteyri. Greinargerð JHJ-2012/013.

Jón Benjamínsson. 1979. Jarðhiti í Ísafjarðarsýslum og Árneshreppi fyrir norðan Dranga. Orkustofnun, OS79028/JHD12.

Náttúrufræðistofnun Íslands. 2000. Válisti 2 – fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands.